

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd**
Reykholahrepps mánudaginn 8.nóvember 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mætt voru: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Matthíasdóttir,
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og Bogi Kristinsson.

Sveinn setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn dags. 28.okt 2010 frá Magnúsi V Jóhannssynni svæðisstjóra Vegagerðarinnar sækir hér um framkvæmdaleyfi fyrir endurbyggingu Vestfjarðarvegar (60) um Skálanes.
Samþykkt að veita framkvæmdaleyfi með fyrirvara um jákvæða umsögn Fornleifaverndar ríkisins og að efnistökusamningar við landeigendur liggu fyrir áður en framkvæmdir hefjast.
2. Nýtt deiliskipulag við við Innstapoll í Flatey. Ein athugasemd barst á auglýstum tíma frá Sindra Ellertssyni f.h Fornleifafræðingafélags Íslands. Þar sem óskað er eftir að gerð verði ný fornleifaskráning vegna deiliskipulagsins við Innstapoll í Flatey.
Nefndin samþykkir athugasemdina og hefur látið vinna nýja skráningu af svæðinu og telur breytinguna minniháttar.
Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá afgreiðslu til Skipulagsstofnunar.
Skipulagið samþykkt.
3. Breyting á deiliskipulagi í Fremri –Gufudal . Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá afgreiðslu til Skipulagsstofnunar.
Skipulagið samþykkt.
4. Lagt til kynningar deiliskipulagstillögur í Flatey. þ.e gamla þorpið og einnig frístundarsvæði við Tröllenda.
Nefndinni lýst vel á tillöguna varðandi þorpið og vill halda þeim byggingarreitum sem eru merktir inná.
Sett verði inn á skipulagið tillagan á Kaupborgi, áningarstaðir og upplýsingaskiltin verði staðsett eins tillagan sýnir.

Varðandi tillöguna á Tröllenda óskar nefndin eftir því að settar verða inná skipulagið tvær lóðir sunnan við götu á frístundarsvæðinu við Tröllenda þ.e.a.s beggja megin við Stjórnarráðshúsið.

5. Umsókn dags 15.okt .2010 frá Bjarka Stefáni Jónssyni Gróustöðum. Sækir um stöðuleyfi fyrir mýkjutank 350m³ í landi Svarfhóls í Geiradal landnr: 139688. Um er að ræða járntank sem er 12m í þvermál og 3m hæð.

Stöðuleyfi er veitt til 1.des.2011

Fundi slitð kl 17.20

Sveinn Ragnarsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Herdís Matthíasdóttir (sign)
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)